

*Alþingi**Erindi nr. Þ 118 11420**komudagur 23/3 1995*

Reykjavík 22. september, 1994

Sigríður Anna Þórðardóttir, alþingismaður  
formaður nefndar um mótun menntastefnu  
Alþingi  
Reykjavík

Landssamtökin Proskahjálpi hafa fengið frumvarp til grunnskólalaga til umsagnar. Sá tfrmi sem gefinn var til að koma á framfæri athugasemdum við frumvarpið var of skammur til að samtökin gætu mætt þeirri ósk að skila álitu fyrir 1. september s.l.

Nú hefur verið fjallað ítarlega um frumvarpið innan samtakanna. Samtökin harma það að nefndin hefur ekki séð sér sært að taka til greina athugasemdir samtakanna, sem sendar voru nefndinni þegar áfangaskýrsla hennar lá fyrir. Landssamtökin Proskahjálpi vilja við þetta tækifæri lýsa verulegum áhyggjum um hag fatlaðra barna innan ísienska skólakerfisins, nái þetta frumvarp að verða að lögum.

Það er mat okkar að allar fyrri athugasemdir frá samtökunum séu jafn þarfar nú og þegar þær voru fyrst sendar nefndinni. Því eru þær látnar fylgja með enn á ný, auk athugasemda sem frumvarpið kallar á:

#### Flutningur grunnskólans til sveitarfélaganna.

Lagt er til að bæði fagleg og fjárhagsleg ábyrgð verði sem næst starfsvettvangi, enda fylgi fjárhagslegar forsendur með. Það sjónarmið sem hér er haft til viðmiðunar er í fullu samræmi við stefnu Landssamtakanna Proskahjálp, þ.e. að opinber þjónusta verði skilvirkari þegar þeir sem njóta hennar eru í nánnum tengslum við þá sem ábyrgðina bera. Samtökin hafa á undanförunum árum hvatt mjög til flutnings ýmissa velferðarverkefna frá ríki til sveitarfélaga, að því tilskyldu að sameining minnstu sveitarfélaga nái fram að ganga og tekjustofnar til fjármögnunar fylgi með verkefnum. Samtökin telja að með þessu sé áttahagaréttur best tryggður og lagður grundvöllur að vandaðri þjónustu í heimabyggð fyrir fatlaða. Þó vilja samtökin undirstrika að það verður að tryggja svo óvæfengjanlegt sé lagalegan rétt allra til náms í heimabyggð, áður en rekstur grunnskóla er fluttur til sveitafélaga.

Breyta þarf núgildandi skipulagi á skiptingu sérkennslustunda, t.d. á þann hátt að ákveðið fjármagn fylgi hverjum nemanda í heimaskóla.

Í frumvarpi um grunnskólann er ekki nein umfjöllun um þarfir fatlaðra nemenda, hvergi er minnst á sérkennslu eða sértækan stuðning sem vitað er að fötluð börn þurfa, eiga þau að stunda nám við hlið ófatlaðra jafnaldra sinna. Það má leiða að því líkum að fyrir nefndinni vaki að boða með þessum hætti þá stefna sem kennd er við heiltdæka skólafestun. Landssamtökin þroskahjálpi eru í meginatriðum sammála þeirri hugmyndafræði sem í heiltdækri skólafestun felst. Samtökin telja hins vegar ekki að þeim tímamörkum hafi verið náð í íslensku skólakerfi, að hægt sé að tryggja öllum börnum nám við hæfi undir þessum merkjum. Þá er það skoðun samtakanna að sé tími sem fer í hönd þ.e. flutningur á rekstri grunnskóla til sveitarfélaga sé of viðkvæmur til að taka upp svo víðamikla stefnubreytingu í menntunarmálum fatlaðra barna. Sveitarfélög hafa fram að þessu enga ábyrgð borið á þjónustu við fatlaða. Þar skortir víða þekkingu til að hægt sé að treysta því að ríkjandi viðhorf í þjónustu við fatlaða og þau viðhorf sem nauðsynleg eru ef vel á að takast í framkvæmd heiltdækra skólafestnu verði virt.

Sá vandi sem íslenskt menntakerfi á við að etja hefur snert fötluð börn og fjölskyldur þeirra verulega. Stuttur skólafestur, stuttur starfsetmi skólanna og löng sumarleyfi útiloka nær alfarið atvinnuþátttöku beggja foreldra. Af því leiðir að þessar fjölskyldur sitja ekki við sama borð um lífsafkomu og fjölskyldur ófatlaðra. Samfelldur lengdur skólafestur og lengdur starfsetmi skólanna er brýnt mál fyrir þessar fjölskyldur.

Foreldrar fatlaðra barna hafa mátt setta sig við að ákvæði nógildandi grunnskólalaga um rétt barna þeirra til náms í heimabyggð/ hverfis-skóla eru oftar en ekki virt að vettugi og raunverulegt val á skóla eða námstílbodum sé ekki fyrir hendi. Í skýrslu nefndar um framtíð sérskóla kemur fram að 250 alvarlega fatlaðir nemendur eru við nám í sérskólum / sérdeildum á vegum ríkisins. Þar kemur einnig fram að 95 % nemenda í Öskjuhlíðarskóla koma úr tveimur fræðsluumdæmum, Reykjavík og Reykjanesi. Það staðfestir þá skoðun samtakanna að tilvera sérskóla dragi verulega úr áhuga og vilja skólafyrvalda að búa fötludum nemendum vönduð námsúrræði í heimaskóla. Af þessum upplýsingum má einnig draga þá ályktun að fræðsluyfirvöldum á landsbyggðinni hafi tekist að búa fjölda, verulega fatlaðra, nemenda námstílbod í heimabyggð.

Undanfarið ár hafa hagsmunasamtök fatlaðra á Íslandi, eins og hagsmunasamtök á Norðurlöndum barist fyrir því að draga úr ýmsum sérúrræðum, sem hafa verið gerð fyrir fatlaðra, eða leggja þau niður og þess í stað vinna að því að tryggja rétt til almennra úrræða. Árangur þessarar baráttu má m.a. sjá í nýjum lögum um málefni fatlaðra, nógildandi grunnskólalögum, sérkennsiureglugerð, lögum um framhaldsskólann og þeirri vinnu sem miðar að því að breyta viðhorfum ráðamanna og almennings undir kjörorðunum: "Skóli fyrir alla". Heimabyggðin fyrir alla."

Þátttaka allra fatlaðra í almennum skólum er til þess fallin að vinna gegn vanþekkingu á fötlun og þar með fordómum gegn þessum þjóðfélagsþópi. Nú er að vaxa úr grasi fyrsta kynslóðin á Íslandi sem hefur kynnst fötludum að eigin raun í leik og starfi og eru bundnar vonir við að afstaða hennar til fötlunar verði önnur en hinna eldri. Hér gegnir skólinn mikilvægu hlutverki.

Möguleikar fatlaðra til menntunar og starfa eru aðeins að hluta háðir sjálfri fötluninni. Lífsgæði fatlaðra eru ekki sfður undir viðhorfum samfélagsins komin og þeim vaxtarskilyrðum sem það býr þeim.

Samtökin leggja til að Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði heimilt að veita fjárframlög til þess að mæta umframkostnaði sem hlýst af við það að búa fötluðum námstilboð við hæfi í heimaskóla. Þau fallast hins vegar ekki á að veitt verði fé úr ríkissjóði til fjármögnunar aðgreinandi skólaúrræða eins og sérskóla eða safnskóla á eins og frumvarpið gerir ráð fyrir. Með þessu er verið að hvetja til enn frekari uppbyggingu sérskóla í landinu, og sveitarfélögum það í sjálfsvald sett hvort börn fái skólavist í heimaskóla eða sérskóla.

Í skýrslu nefndarinnar er lögð áhersla á nýtt mat á öllum háttum skólastarfsins með það að markmiði að kanna hvort öllum séu gefin réttlát og jafngild tækifæri til menntunar og þroska.

Þá telur nefndin að áhrif foreldra þurfi að auka og nauðsynlegt sé að geta áfrýjað eða að geta beitt viðurlaga við brotum á fræðsluögum. Undir þetta geta Landssamtökin Proskahjálpi heilshugar tekið og þá sérstaklega það er lýtur að áhrifum foreldra á starf skólanna og möguleika til áfrýjunar ef yfirvöld uppfylla ekki lagaskyldur.

Þegar nýtt frumvarp er skoðað eru áhrif foreldra heldur rýr. Foreldraráð hefur ekkert úrslitavald hvað varðar skólastarf, einungis umsagnarrétt. Landssamtökin Proskahjálpi vilja vekja athygli nefndar um mótun menntastefnu á dönskum grunnskólaögum þar sem áhrif foreldra eru umtalsverð, en í hverjum skóla eru fimm af sjö fulltrúum skólastjórnar kjörnir úr röðum foreldra.

Nefndin telur vanta ákvæði um viðurlög við brotum á fræðsluögum. Í frumvarpsdrögum er kveðið á um að menntamálaráðuneytið skuli skera úr ef ágreiningur rís um framkvæmd laganna. Ekki verður séð að þetta nægi þegar fötluð börn eiga í hlut þar sem réttur þeirra er hvergi nægjanlega tryggður lagalega til jafns við önnur börn og því vandséð hvernig ráðuneytið geti árskurðað t.d. þeim í hag um rétt til náms í heimaskóla án þess að einhver stoð sé til í lögum

### Grunnskólinn, sérskólar og sérdeildir.

Landssamtökin Proskahjálpi telja starfrækslu sérskóla ekki nauðsynlega til að tryggja þekkingu á eðli fötlunar og afleiðingum hennar fyrir náms- og þroskamöguleika einstaklingsins. Slík þekking á ekki að vera bundin við sérstofnanir. Til þess að almenni skólinn verði hæfur til að veita fötluðum þjónustu þarf að tryggja slíka fagþekkingu innan hans.

Rannsóknar- og þróunarstarf með tiliti til blöndunar fatlaðra nemenda í almennum skóla þarf að efla m.a. með stofnun sérstaks þróunarsjóðs. Niðurstöður rannsókna og þróunarverkefna þarf að nota markvisst til að miðla þekkingu til almenna skólans.

Landssamtökin Proskahjálpi hafna ekki rekstri fámennra sérdeilda

3

**Landssamtökin Þroskahjálpi hafna ekki rekstri fámennra sérdeilda ( 3-4 manna ), séu þær hluti af skólahverfum. Fatlaður nemandi skal þó tilheyra almennum bekk þó aðstæður hans kalli á stuðning sérdeilda. Samtökin geta ekki fallist á að settir verði á stofn "safnskólar" af þeirri gerð sem nefndin leggur til.**

**Kalli aðstæður á rekstur sérdeilda eiga þær að mati samtakanna að fylgja hugsanlegri breytingu á skipan skólahverfa í landinu ( sbr. skýrslu ). Ekki megi aðgreina fatlaða nemendur frekar frá heildinni og heimabyggð sinni.**